

**Nd.**

**64. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög 11. des. 1891, um samþyktir um kynbætur hesta.

Flutningsmenn: Sigurður Sigurðsson og Pjetur Ottesen.

1. gr.

Bannað er að láta graðfola eldri en  $1\frac{1}{2}$  árs gamla ganga lausa innan um hross á afrjettum eða í heimahögum. Hittist slíkur hestur gæslulaus ann-

arstaðar en í heimalandi eiganda eða geymenda, skal fara með hann sem óskilafje.

Heimilt er einnig í samþykkt að ákveða, að bann þetta nái til eldri graðhesta, sem ætlaðir eru eða notaðir eru til undaneldis, samkvæmt löggiltri samþykkt eftir lögum frá 11. des. 1891, eða í hrossaræktarfelögum.

2. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 100 kr., er renna í sveitarsjóð eða til hrossaræktarfelaga, þar sem þau eru starfrækt.

3. gr.

Mál, sem risa út af brotum á þessum lögum, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin viðaukalög nr. 51, 20. des. 1901, við lög 11. des. 1891, um samþyktir um kynbætur hesta.

Á s t æ ð u r .

Aðalástæðan sú, að lausagangur á graðhestum, eldri og yngri, gerir alla viðleitni til kynbóta á hrossum lítt kleifa eða framkvæmanlega. Þess vegna er nauðsynlegt að banna slíkan lausagang.